

**Sp.**

## **901. Skýrsla**

um norrænt samstarf árið 1983.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

### **1. ÍSLANDSDEILD NORÐURLANDARÁÐS.**

#### **1.1. Fundir Íslandsdeildar.**

Á fundi sameinaðs Alþingis 18. desember 1982 fór fram kosning fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Kosningin gildir þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi. Eftirfarandi þingmenn hlutu kosningu: Páll Pétursson, Matthías Á. Mathiesen, Halldór Ásgrímsson, Sverrir Hermannsson, Eiður Guðnason og Stefán Jónsson. Varamenn voru kosnir Davíð Aðalsteinsson, Geir Hallgrímsson, Guðmundur Bjarnason, Pétur Sigurðsson, Árni Gunnarsson og Guðrún Helgadóttir.

Verkum var skipt þannig að Halldór Ásgrímsson var kjörinn formaður Íslandsdeildar og tók sæti í forsætisnefnd og laganefnd ráðsins. Varamaður hans í forsætisnefnd var kjörinn Matthías Á. Mathiesen. Í menningarmálanefnd, upplýsinganefnd og fjárlaganefnd var kjörinn Eiður Guðnason, í efnahagsmálanefnd voru kjörnir Matthías Á. Mathiesen og Páll Pétursson sem jafnframt var kjörinn í fjárlaganefnd. Í félags- og umhverfismálanefnd var kjörinn Sverrir Hermannsson og í samgöngumálanefnd Stefán Jónsson sem jafnframt var kjörinn í upplýsinganefnd.

Eftir alþingiskosningar 23. apríl 1983 tók Guðrún Helgadóttir sæti Stefáns Jónssonar í samgöngmálanefnd og upplýsinganefnd og eftir myndun ríkisstjórnar 26. maí 1983 tók Guðmundur Bjarnason sæti Halldórs Ásgrímssonar í laganefnd og Pétur Sigurðsson sæti Sverris Hermannssonar í félags- og umhverfismálanefnd. Til að gegna störfum Matthíasar Á. Mathiesen í efnahagsmálanefnd var tilnefndur Ólafur G. Einarsson. Páll Pétursson var kjörinn formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á fundi deildarinnar 10. júní 1983 og tók þá sæti Halldórs í forsætisnefnd.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt fjóra fundi á tímabilinu frá lokum 31. þings Norðurlandaráðs, sem haldið var í Osló 1983 og til upphafs 32. þings ráðsins sem haldið var í Stokkhólmi 1984. Meðan á þessum þingum Norðurlandaráðs stóð hélt Íslandsdeild auk þess fundi hvern dag.

#### **1.2. Störf Íslandsdeildar.**

Á fundum deildarinnar var meðal annars fjallað um breytingar þær á Helsinkisáttmál-  
anum sem leiðir af aðild Grænlands að Norðurlandaráði og aukinni aðild Álandseyja og  
Færeyja að ráðinu, og um samstarf við Norræna félagið um sameiginlegar fyrirlestrarferðir,  
þar sem norrænt samstarf og starf Norræna félagsins yrði kynnt. Einnig var á fundum  
Íslandsdeildar rætt um aukið samstarf við Færeyjar og Grænland og um tillögur þær að

breyttu skipulagi og starfsháttum Norðurlandaráðs sem lagðar voru fram 30. nóvember 1983. Loks voru samþykktar tillögur um kjör fulltrúa og varafulltrúa frá Íslandi í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins og tillögur um fulltrúa í endurskoðunarnefnd Norræna menningarmálasjóðsins.

## 2. FORSÆTISNEFND NORÐURLANDARÁÐS.

### 2.1. Fundir forsætisnefndar.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs hélt átta fundi á árinu 1983. Auk þeirra hélt hún fund með samstarfsráðherrum Norðurlanda í Reykjavík 16. júní og með forsætisráðherrum landanna 30. nóvember í Stokkhólmi. Forsætisnefndin hélt einnig fund 27. apríl með formönnum nefnda Norðurlandaráðs og 14. nóvember hélt hún fund með formönnum Norrænu félaganna.

### 2.2. Störf forsætisnefndar.

#### 2.2.1. Fjölgun fulltrúa í Norðurlandaráði.

Þann 28. janúar 1984 gengu í gildi breytingar á Helsinkisáttmálanum sem heimiluðu fjölgun fulltrúa í Norðurlandaráði úr 78 í 87. Grænland, Færeyjar og Álandseyjar fengu þá heimild til stofnunar landsdeilda og tvo fulltrúa hvert í Norðurlandaráði. Starfa landsdeildir Grænlands og Færeyja innan landsdeildar Danmerkur, en landsdeild Álandseyja innan landsdeildar Finnlands.

Við breytingu þessa fjölgaði fulltrúum Íslands í Norðurlandaráði úr sex í sjö.

#### 2.2.2. Starfshættir og skipulag Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs og forsætisráðherrar Norðurlanda ákváðu á fundi 30. nóvember 1982 að skipa nefnd til könnunar á því hvort endurskoða þyrfti starfshætti og skipulag Norðurlandaráðs og leggja fram tillögur til úrbóta ef nefndin teldi þess þörf. Af Íslands hálfu átti sæti í nefndinni Matthías Á. Mathiesen. Nefnd þessi hefur verið kölluð fimm-mannanefndin. Hún skilaði álit 30. nóvember 1983 og var það gefið út í tímaritaflokki Norðurlandaráðs (NU 1983:9).

Að mati fimm-mannanefndarinnar ber að styrkja stöðu Norðurlandaráðs og norrænu samstarfsráðherranna. Nefndin taldi nauðsyn bera til að forsætisnefnd Norðurlandaráðs og norrænu samstarfsráðherrarnir bæru aukna ábyrgð á gangi samstarfsins og að norrænu samstarfsráðherrarnir fengju heimild til að samræma nauðsynlegar aðgerðir í heimalöndunum í því skyni. Nefndin lagði einnig áherslu á að uppbygging embættismannakerfa Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar yrði samræmd og eins að ákvarðanir Norðurlandaráðs yrðu undirbúnar betur og þeim fylgt betur eftir í heimalöndunum. Nefndin lagði til að fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar og norrænu menningarmálafjárlögin yrðu sameinuð og að skrifstofur ráðherranefndarinnar, sem nú er í Osló, og menningarmálaskrifstofan, sem nú er í Kaupmannahöfn, yrðu sameinaðar.

Samkomulag var í fimm-mannanefndinni um flest atriði skýrslunnar. Fulltrúi Íslands skilaði þó séráliti um þann hluta skýrslunnar sem fjallar um sambandið milli ritara forsætisnefndar og nefndar þeirrar sem í eiga sæti aðalritarar landsdeildanna ásamt ritara forsætisnefndar. Nefnd þessi hefur skv. nógildandi reglum meðal annars það hlutverk að undirbúa fundi forsætisnefndar. Samkvæmt tillögum fimm-mannanefndarinnar skal ritari forsætisnefndar undirbúa fundi forsætisnefndar, en nefnd sú, sem áður hafði það hlutverk, vera honum til ráðuneytis. Fulltrúi Íslands taldi að með þessum breytingum og öðrum, sem lagðar voru fram og ganga í sömu átt, yrðu of mikil völd færð í hendur ritara forsætisnefndar frá deildum landanna og starfsfólki þeirra.

Íslandsdeild, sem fjallaði um skýrslu fimm-mannanefndarinnar á fundi sínum 22. nóvember 1983, studdi tillögur fulltrúa Íslands í fimm-mannanefndinni.

Fulltrúar landanna í forsætisnefnd lögðu fram þingmannatillögu skömmu eftir að skýrsla fimm-mannanefndarinnar lá fyrir þar sem þeim tilmælum var beint til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar að leggja fram tillögur þær að breyttum starfsháttum ráðsins og ráðherranefndarinnar, sem leiddi af skýrslunni, eigi síðar en fyrir 31. þing Norðurlandaráðs 1985. Lögð var á það áhersla í þingmannatillögunni að við það starf skyldi höfð hliðsjón af könnunum þeim og tillögum að breyttum starfsháttum forsætisnefndarskrifstofunnar og skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar sem áður hafa verið gerðar. Sú fyrri var birt í tímaritaflokki Norðurlandaráðs, NU:1983:8, og sú síðari í NU 1981:10. Þingmannatillögu þessari var vísað til laganeftar.

#### 2.2.3. Kjör í trúnaðarstöður Norðurlandaráðs.

Á 31. þingi Norðurlandaráðs var annað árið í röð tekið tillit til bæði þjóðernis og stjórnmálastefna við kosningar í trúnaðarstöður samkvæmt tillögum forsætisneftdar.

#### 2.2.4. Skoðanakönnun um þekkingu almennings á norrænu samstarfi og störfum Norðurlandaráðs.

Vorið 1983 lét forsætisnefnd Norðurlandaráðs gera skoðanakönnun á Norðurlöndum um þekkingu almennings á norrænu samstarfi og störfum Norðurlandaráðs. Skoðanakönnun, sem að nokkru leyti var samsvarandi, hafði verið gerð tíu árum áður, en án þátttöku Íslands.

Skoðanakönnunin leiddi í ljós að almenningur á Norðurlöndum hefur jákvæða afstöðu til samstarfsins og áhuga á að það sé rækt. Þau svið, sem þóttu mikilvægust, voru samstarf um umhverfisvernd, orkumál og samstarf Norðurlanda á alþjóðlegum vettvangi. Á Íslandi og í Finnlandi voru hópar sem mátu enn meira þá hlið samstarfsins sem snýr að möguleikum á menntun hvar sem er á Norðurlöndum. Á Íslandi var almennur áhugi á norrænu samstarfi meiri en á hinum löndunum, en 72% þeirra Íslendinga, sem spurðir voru hvaða lönd þeir teldu mikilvægust að eiga samstarf við, svöruðu Norðurlönd. Í hinum löndunum svöruðu að meðaltali 43% að Norðurlönd væri mikilvægasti samstarfsaðilinn.

Í ljós kom við skoðanakönnunina að ungt fólk hafði minnsta þekkingu á samstarfi landanna. Því ákvað forsætisnefndin, að tillögu upplýsinganefndar, að hefja upplýsinga-herferð sem beinast skyldi að ungu fólki og hafa að markmiði að auka þekkingu þess og áhuga á samstarfinu. Áætlað er að upplýsinga-herferðin standi í ár frá hausti 1984.

### 3. ÞINGMANNATILLÖGUR OG RÍKISSTJÓRNARTILLÖGUR.

Á 31. þingi Norðurlandaráðs árið 1983 lágu fyrir 43 tillögur og voru 37 þeirra þingmannatillögur, en 6 frá Norrænu ráðherranefndinni eða ríkisstjórnnum landanna. Af þingmannatillögnum voru 34 samþykktar en 3 afskrifaðar.

### 4. MÁLEFNI FASTANEFNDA NORÐURLANDARÁÐS.

#### 4.1. Laganeftnd.

Laganeftnd hélt fjóra fundi á árinu og einn fund með Norrænu ráðherranefndinni, dómsmálaráðherrunum. Á þeim fundi var meðal annars rætt um ættleiðingu barna erlendis frá, ólöglega notkun tölva, eiturlyfjaneyslu og lögbrot henni tengd, réttarstöðu Sama, norrænan málásáttmála, vinnurétt og kosningarétt Norðurlandabúa við þingkosningar í öðrum norrænum löndum en heimalandi sínu.

Á dagskrá nefndarinnar hafa enn fremur verið áðurnefnd skýrsla fimm-mannanefndarinnar, breytingar á þingsköpum Norðurlandaráðs vegna aðildar Grænlands og aukinna réttinda og fjölgunar fulltrúa Álandseyja og Færeyja í Norðurlandaráði, auk neytendamála sem nýverið hafa verið færð undir laganeftnd frá efnahagsneftnd.

Varaformaður nefndarinnar var Halldór Ásgrímsson.

#### 4.2. Menningarmálanefnd.

Menningarmálanefnd hélt sex fundi á árinu og var einn þeirra með norrænu ráðherranefndinni, menntamálaráðherrunum. Á þeim fundi var að venju fjallað um norrænu menningarmálafjárlögin og óskir nefndarinnar um það hvaða samstarfsverkefnum bæri að veita forgang. Á fundi þessum var og rædd stefna landanna og samvinna í menntamálum og fjarskiptamálum.

Á dagskrá nefndarinnar var meðal annars þingmannatillaga um móttöku sjónvarpsefnis frá sjónvarpshöttum ríkja utan Norðurlanda. Af umræðum um þingmannatillögu þessa spannst umræða um sjónvarpsauglýsingar. Taldi nefndin það æskilegt að löndin hefðu líka stefnu um það hvort leyfa ætti sjónvarpsauglýsingar og skilyrði þess væru sem líkust.

Við umfjöllun um þingmannatillögur um fjárstuðning til norrænna listsýninga og til norræns íþróttasamstarfs kom fram það álit nefndarinnar að æskilegt væri að stuðningur við norrænar listsýningar yrði tekinn upp sem sérstakur liður á norrænu menningarmálafjárlögunum og einnig að æskilegt væri að fjárstuðningur til íþróttasamstarfsins yrði forgangsverkefni á sviði menningarmála. Nefndin hafði einnig til meðferðar þingmannatillögur um norræna samvinnu um menntun á Montessori-kennurum, um vísindakannanir og spár um framtíðarþróun þjóðfélagsins á Norðurlöndum, og um fjárstuðning við svæðaskrifstofur norrænu félaganna.

Formaður nefndarinnar er Eiður Guðnason.

#### 4.3. Umhverfis- og félagsmálanefnd.

Umhverfis- og félagsmálanefnd hélt sjö fundi á árinu og var einn þeirra haldinn á Grænlandi. Markmið Grænlandsfundarins var að kynna nefndinni atvinnu-, félags- og heilbrigðismál á Grænlandi.

Auk þess sem Grænlandsfundurinn gaf tilefni til mótuðust störf nefndarinnar af vinnu við ráðstefnu þá sem nefndin hélt í september 1983 um vinnumál á Norðurlöndum.

Sjö þingmannatillögur voru á dagskrá nefndarinnar auk einnar ráðherranefndartillögu um umhverfi og aðbúnað á vinnustöðum. Þingmannatillögurnar vörðudu meðal annars stofnun norrænnar miðstöðvar fyrir hjartaflutninga, könnun á aðstæðum þeirra sem hlotið hafa heilaskemmdir við umferðarslys, félagslækningar, samstarfsáætlun um lyfjaskráningu og sjónvarps- og hljóðvarpsdagskrár um krabbamein og krabbameinsvarnir.

Nefndin hélt tvo fundi með Norrænu ráðherranefndinni og voru á þeim rædd atvinnumál, félagsmál, umhverfismál og mál er varða aðbúnað á vinnustöðum.

#### 4.4. Samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefnd hélt fimm fundi á árinu.

Í júní 1982 ákvað nefndin að stofna vinnuhóp til að endurskoða þá starfsáætlun sem nefndin hefur unnið eftir s. l. 5 ár og athuga möguleikana á að beina starfi nefndarinnar í auknum mæli að fjarskiptamálum. Nefndin fjallað á árinu um skýrslu vinnuhópsins.

Á árinu fjallaði nefndin einnig um skýrslu sem vinnuhópur innan nefndarinnar hafði lagt fram um tölvutækni- og fjarskiptamál. Þessar umræður leiddu meðal annars til að allir nefndarmenn lögðu fram þingmannatillögu um að nafni samgöngumálanefndar yrði breytt í samgöngu- og tækninefnd og starfsvettvangi nefndarinnar breytt að sama skapi. Þingmannatillögu þessari vísaði forsætisnefnd til laganefndar.

Á dagskrá nefndarinnar voru þingmannatillögur um samræmingu á samgöngumálalagstefnu Norðurlanda, um járnbrautagöng undir Eystrasalt og um orkusparnað í samgöngum.

Á hinum árlega fundi nefndarinnar með Norrænu ráðherranefndinni, samgönguráðherrunum voru fjarskiptamál og tækni- og samgönguhlið tölvutæknisamstarfsins aðalræðuefni. Kom þar fram sú ósk nefndarinnar að of lítið hefði verið hugað að þessari hlið

tölvutæknisamstarfsins í samstarfsáætlun ráðherranefndar um tölvutæknimál sem send hefði verið til forsætisnefndar. Óskaði nefndin eftir því að í ráðherranefndartillögu þeirri um tölvutæknimál, sem von væri á, yrði farið að þessum tilmælum nefndarinnar.

#### 4.5 Efnahagsmálanefnd.

Efnahagsmálanefnd hélt sex fundi á árinu. Var á þessum fundum meðal annars fjallað um fimm þingmannatillögur og fjórar ráðherranefndartillögur. Umræður um efnahagsástandið á Norðurlöndum og í öðrum hlutum heimsins eru fastir liðir á fundum nefndarinnar.

Nefndin hélt fundi með fjármálaráðherrum Norðurlanda, með aðilum vinnumarkaðarins og með fulltrúum frá Efnahagsbandalaginu og Fríverslunarbandalagi Evrópu.

Ráðherranefndartillaga um efnahagsmál og norrænt efnahagssamstarf var lögð fyrir nefndina í desember. Nefndin taldi ráðherranefndartillöguna ekki uppfylla þær vonir sem bundnar höfðu verið við tillögu þessa hvað varðaði væntanlegar aðgerðir ríkisstjórnanna og ráðherranefndarinnar á þessu sviði.

Ráðherranefndartillaga um tölvutæknimál var og lögð fyrir nefndina. Þar sem ekki kom fram í tillögunni hvernig ráðherranefndin hygðist kosta það starf sem gert var ráð fyrir ákvað nefndin að leggja til við forsætisnefnd að hún yrði endursend ráðherranefndinni með beiðni um nýja tillögu fyrir 32. þing ráðsins. Forsætisnefnd fór að óskum efnahagsnefndar.

Nefndin hafði einnig til meðferðar ráðherranefndartillögu um aukningu á hlutfé Norræna fjárfestingarbankans. Nefndin studdi tillögu þessa.